



180. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands haldinn í Odda 9. sept. 2014 kl. 09:30.

Mætt: Eydís Þ. Indriðadóttir, Halldóra Íris Magnúsdóttir (fulltrúi nemenda), Jón Hjartarson, Jón G. Valgeirsson, Olga Lísu Garðarsdóttir, Sandra D. Gunnarsdóttir, Sigursveinn M. Sigurðsson, Sigbrúður Jónsdóttir var fjarverandi og mætti Andrés Ingason varamaður hennar, og Þórarinn Ingólfsson. Sigbrúður Harðardóttir fulltrúi foreldra var fjarverandi. Haraldur Eiríksson fjármálastjóri var fjarverandi.

Sandra formaður skólanefndar setti fundinn og síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fundargerð fundar frá 6. maí sl.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð án athugasemda.

2. Upphaf haustannar.

Starfsmannamál. - Olga Lísu Garðarsdóttir fór yfir breytingar í starfsmannamálum við skólann. Miklar breytingar hafa orðið á þessari önn.

Nemendatölur. - 931 nemandi er núna skráður í dagskóla. Skólameistari fór yfir ýmislegt sem tengdist nemendatölunum í dagskóla (hvaðan nemendur koma, aldursdreifingu og fleira).

Námskrármál. - Gerð var grein fyrir stöðu mála. Námskráin þarf að taka gildi haustið 2015 og er verið að vinna að þróun hennar innan skólans. Umræður sköpuðust varðandi lengd náms og innihald þess. Meðal annars kom fram að mikilvægt væri að tengja við fyrirtæki á svæðinu og fá hugmyndir frá þeim sem og viðurkenningu á náminu. Tíu manna hópur kennara innan FSu verður ráðinn til þess að vinna að námskrármálum.

Önnur verkefni haustannar. - Unnið hefur verið að flutningi gagna vegna brunans sem varð síðastliðið sumar í tölvuverinu. Mikið álag hefur verið á tölvukerfið í skólanum. Fram kom í máli skólameistara að full nýting væri á húsnæði skólans (Odda, Hamri og Iðu). Fleiri verkefni eru að sjálfsögðu í gangi.

3. Viðbygging við Hamar - deiliskipulag

Farið var yfir stöðu mála og skólameistari sýndi fyrirhugað skipulag á Hamri og hvað verið er að skoða í dag. Framhald er háð því að fjármagn fái á næstu fjárlögum til áframhaldandi uppbyggingar.

4. Önnur mál:

A. Skólafundur 1. október

Olga Lísu gerði grein fyrir væntanlegum skólafundi 1. október þar sem skoðuð verður framtíðarstefna skólans og hvar menn sjá skólann í framtíðinni. Óskað verður eftir þátttöku nemenda, kennara, sveitastjórnarmanna, foreldra og fleiri.

B. Reksturinn

Haraldur Eiríksson fjármálastjóri er í sumarleyfi, en ljóst er að reksturinn er í járnum.



C. Dansleikur nemenda síðastliðinn föstudag.

Rætt var um lengd dansleiks þ.e. hvaða áhrif það hafði að breyta lengd dansleiks frá 21:00 til 01:00 úr 22:00 til 02:00. Spurning var um ábyrgð skólans og hve langt ábyrgðin nái (eftirpartí eftir að dansleik lýkur). Stefna þarf á umræðu um þessi mál á næsta fundi skólanefndar. Tillaga kom fram um að fleiri kæmu að þeirri umræðu t.d. frá nærsamfélaginu.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir.

Næsti fundur er fyrirhugaður 28. október kl. 09:30

Fundi slitið kl. 11:02
Fundarritari,
Þórarinn Ingólfsson